

Aðalreikningar skulu gerðir ársfjórðungslega og sendir póststjórn hlutaðeigandi lands. Reikningsjöfnuðurinn greiðist án þess beðið sé eftir endurskoðun reikningsins, og skekkjur, sem finnast kunna, leiðréttast í næsta aðalreikningi. 47 10. apríl

IV. Lokaákvæði.

27. gr.

Gildi samningsins. Uppsögn.

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Samtímis gengur úr gildi samningur um póstviðskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar 31. desember 1934.

Samningurinn gildir um óákveðinn tíma, en segja má honum upp af póststjórnanna hálfu hvorrar um sig, og hættir hann þá að gilda ári eftir uppsögnina.

Gerður í fimm eintökum — einu á dönsku, einu á finnsku og sænsku, einu á íslenzku, einu á norsku og einu á sænsku — í Osló 11. nóvember 1946.

Fyrir	Fyrir	Fyrir	Fyrir	Fyrir
Danmörku:	Finnland:	Ísland:	Noreg:	Svíþjóð:
K. J. Jensen.	S. J. Ahola.	G. Hlíðdal.	Sten Haug.	Anders Örne.

Þetta er hér með birt almenningi.

Samgöngumálaráðherrann, 10. apríl 1947.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

48

28. apríl

Forseti Íslands, herra Sveinu Björnsson, fór í dag til Kaupmannahafnar í embættiserindum. Meðan hann er erlendis fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 28. apríl 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.